

Reykjavík, 7. nóvember 2022
PON22110010

Til stafræns ráðs
Borgartúni 12-14

Efni: Samstarf sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu - 2023.

Vísað er til bréfs, dagsett 26. október 2022, þar sem óskað er eftir þátttöku og framlagi til stafræns samstarfs sveitarfélaga á árinu 2023. Vísað er til fylgiskjala varðandi nánari upplýsingar um verkefni og áætlað framlag hvers sveitarfélags fyrir sig. Skyldugreiðsla sveitarfélaga miðast við íbúafjölda ásamt fastri árlegri fjárhæð.

Reykjavíkurborg greiðir ekki beint fjárframlag en leggur til vinnu sem og tilbúnar lausnir, þar sem borgin hefur þegar lokið eða er langt komin með önnur þau verkefni sem áformað er að ráðast í.

Virðingafyllst,



Karen María Jónsdóttir,
Skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Hjálagt er bréf til allra sveitarfélaga um þátttöku og framlög þeirra til stafræns samstarfs 2023, áætlun um verkefni í samstarfi – frekari upplýsingar fyrir árið 2023, fastur kostnaður í stafrænum málum 2023, staða verkefna – samstarf sveitarfélaga í tæknilegri framþróun – október 2022, nýtt stafrænt ráð haust 2022, markmið um samstarf sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu frá landsþingi sveitarfélaga haust 2022.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra framkvæmdastjóra/oddvita sveitarfélaga

Reykjavík 26. október 2022

2110006SA FMÁ

Málalykill: 01.82

Efni: Þátttaka og framlög sveitarfélaga til stafræns samstarfs þeirra 2023

Flest sveitarfélög skuldbundu sig til að taka þátt í samstarfi sveitarfélaga um stafræna umbreytingu til tveggja ára fyrir rúmu ári síðan. Samstarfið er fjármagnað annars vegar með skyldubundnu grunnframlagi sem rennur fyrst og fremst til að standa undir launakostnaði sérfræðinga í stafrænu umbreytingateymi sveitarfélaga og hins vegar framlögum til að standa straum af uppbyggingu tæknilegra innviða, þekkingaruppbyggingu og þróun sameiginlegra lausna og kaupum á lausnum.

Fyrsta ár skilgreinds samstarfs sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu fer nú senn að ljúka og ekki seinna vænna en að ganga frá fjármögnun fyrir það næsta. Árið gekk nokkuð vel en því miður varð þriggja manna teymið af starfsmanni strax í janúar og hefur því talið tvo einstaklinga í fastri vinnu en nýr starfsmaður mun koma til starfa um miðjan nóvember. Til að geta haldið í við áætlun ársins 2022 voru verktakar fengnir að vinnunni í meira mæli en til stóð fyrst en einu verkefni var sleppt sem áætlað var fyrir og verður því ekki innheimt fyrir það. Mikil uppbygging samstarfs sveitarfélaga hefur átt sér stað sl. ár og þekking hefur aukist hjá öllum máláðilum. Gott samstarf er við ríkið, Stafrænt Ísland og aðra hagaðila og eru því undirstöðurnar orðnar styrkari. Við höfum komist yfir ýmsar hindranir á leið okkar þetta fyrsta ár og vegferðin því að verða greiðari. Við erum saman á fleygiferð og nú þegar reynslan er að aukast er mikilvægt að við setjum okkur sameiginlega stefnu fyrir sveitarfélögin sem talar inn í stefnu um stafræna þjónustu hins opinbera og öryggis- og þjónustustefnu fyrir hýsingarumhverfi sem stjórn sambandsins hefur gerst aðili að. Einnig er mikilvægt að sveitarfélög skilgreini þátttökuskilmála samstarfsins.

Fyrir árið 2022 var gert ráð fyrir 155 milljónum í sameiginlega vegferð með launakostnaði þriggja starfsgilda, einu verkefni var sleppt (umsókn um félagslegt leiguhúsnaði - áætlað 40 milljónir) en tvö bættust við (vegvisir/greining umsókna sveitarfélaga inn á Ísland.is og stefnumótun samstarfs sveitarfélaga sem eru í vinnslu). Auk þess hefur sambandið staðið undir kostnaði á hýsingu og rekstri fyrir umsókn um fjárhagsaðstoð sem þróuð hefur verið inn á Ísland.is. Innheimt verður því á þessu ári samanlagt fyrir 115 milljónum. Sjá nánar í fylgiskjali um stöðu og árangur 2022 en í janúar 2023 verður send greinagerð sem gerir árið og verkefnið upp.

Gert er ráð fyrir að öll sveitarfélög séu með í samstarfinu skv. samþykki þeirra á föstu þátttökugjaldi. Miðlun upplýsinga um verkefni og lausnir og þekkingaruppbygging á

stafrænni hæfni nýttist öllum sveitarfélögum sem og vinna við tæknilega innviði þeirra en allar upplýsingar og leiðbeiningar eru aðgengilegar á <https://stafræn.sveitarfelog.is/>.

Sveitarfélög þurfa því sérstaklega að [afskrá sig \(hlekkur hér\)](#) ef þau ætli sér ekki að vera með í sameiginlegri þróun á lausnum og kaupum á þjónustulausnum. Sveitarfélög eru hvött til að áætla fjármagn í samvinnu sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu í fjárhagsáætlun sinni til 2023. Upphæðir út frá íbúafjölda fyrir hvert sveitarfélag eru settar fram í excel fylgiskjali um áætlaðan kostnað samstarfsverkefna fyrir 2023.

Áætlun um sameiginleg verkefni í stafrænni umbreytingu 2023


Verkefni	Áætlun (m.kr.)
Fast þátttökugjald (launakostn.)	45
Miðlun lausna og þekkingar uppbygging á stafrænni hæfni	3
Núttímalegri tæknilegir innviðir, - tæknigrunnstefna, kröfulýsingar og stuðningur v. rafrænna skila	8
Rekstur, hýsing og viðhald lausna á Ísland.is og tengingar við vinnslukerfi sveitarfélaga og ófyrirséður kostnaður	10
Sameiginleg þróun – Heimildargreiðslur inn í fjárhagsaðstoð	20
Sameiginleg þróun – stafræn úrgangsmál	30
Sameiginleg þróun – Innritun í leikskóla eða grunnskóla eða vegna farsældarfrumvarps	30
Upplýsingar um þjónustu sveitarfélaga inn á Ísland.is	2
Samtals:	148

Sú áætlun sem lögð er hér fram er gerð eftir bestu þekkingu á möguleikum innan samstarfsins á þessum tímapunkti. Frekari skýringar og nánari upplýsingar eru í fylgiskjöllum.

Boðið verður upp á Teams fund miðvikudaginn 2 nóv. þar sem sveitarfélög geta fengið svör og spurt spurninga þó ætlun þessa pósts sé að vera eins upplýsandi og kostur er. [Smelltu hér til að tengjast fundinum.](#)

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Fjóra María Ágústsdóttir
leiðtogi stafræns umbreytingateymis og breytingastjóri

Áætlun um sameiginleg verkefni í stafrænni umbreytingu 2023 og kostnaður

Nánari upplýsingar

Stefna sveitarfélaganna og sambandsins er að stórefla stafræna þróun með samstarfi sveitarfélaganna á næstu árum, með það að markmiði að bæta upplifun íbúa óháð búsetu þeirra. Sveitarfélögin tóku þá ákvörðun að sameina krafta sína við stafræna þróun því hún er ekki létt verk, en í samvinnu eru sveitarfélögin mun sterkari og vegferðin kostnaðarminni. Sveitarfélögin verða sterkari fjárhagslega, sjóndeildarhringurinn víkkar og fleiri sjónarmið komast til skila og samvinnan skapar einnig sterkari samningsstöðu gagnvart öðrum opinberum stofnunum og birgjum. Sú þjónusta sem sveitarfélögin veita er í grunnin sú sama óháð sveitarfélagi, þó svo útfærslur geti verið mismunandi. Það er því kjörið tækifæri að vinna í takt og byggja sameiginlegar lausnir en ekki eyða tíma, peningum og orku í að rýna sama ferlið og byggja sömu vöruna innan hvers sveitarfélags. Viðhalda lausnum og endurbæta á einum stað í takti við breytingar er snúa að þjónustunni t.d. við reglugerðarbreytingar ríkisins.

Áætlun um fjármagn í sameiginlega stafræna vegferð er ekki auðvelt að áætla og auk þess er umhverfið í mótun og kvikt. Tækifæri á þróun inn á Ísland.is er einnig háð ýmsum breytum.

Fyrir árið 2022 var gert ráð fyrir 155 milljónum í sameiginlega vegferð með launakostnaði þriggja starfsgilda, einu verkefni var sleppt (umsókn um félagslegt leiguhúsnæði - áætlað 40 milljónir) en tvö bættust við (vegvisir/greining umsókna sveitarfélaga inn á Ísland.is og stefnumótun samstarfs sveitarfélaga sem eru í vinnslu). Auk þess hefur Sambandið staðið undir kostnaði á hýsingu og rekstri fyrir umsókn um fjárhagsaðstoð sem þróuð hefur verið inn á Ísland.is. Innheimt verður því á þessu ári fyrir 115 milljónum. Sjá nánar í fylgiskjali um stöðu og árangur 2022 en í janúar 2023 verður send greinagerð sem gerir árið og verkefnin upp.

Gert er ráð fyrir að öll sveitarfélög séu með í vegferðinni skv. samþykki þeirra á föstu þátttökugjaldi. Miðlun lausna og þekkingaruppbygging á stafrænni hæfni nýtist öllum sem og vinna við tæknilega innviði þeirra og sveitarfélög þurfa því sérstaklega að [afskrá sig \(hlekkur hér\)](#) ef þau ætli sér ekki að vera með í sameiginlegri þróun á lausnum og kaupum á þjónustulausnum. Sveitarfélög eru hvött til að áætla fjármagn í samvinnu sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu í fjárhagsáætlun sinni til 2023.

Áætlun 2022 – til upplýsingar

Verkefni	Áætlun (m.kr.)	Innheimt (m.kr.)
Fast þátttökugjald (launakostn.)	45	45 (á eftir að innheimta að hluta)
Miðlun lausna og þekkingar uppbygging á stafrænni hæfni	4	4
Nútímalegri tæknilegir innviðir, Microsoft leyfamál, einfaldari skjalamál og rafræn skil	36	36
Sameiginleg þróun – spjallmenni (vinna fer fram að stóru leiti 2023)	30	30 (verður innheimt 2022)
*Sameiginleg þróun – umsókn um félagslegt leiguhúsnæði (hætt við)	40	0
*Verkefni sem bættist við – vegvisir/greining á þjónustu inn á Ísland.is og stefnumótun samstarfs í stafrænni umbreytingu	0	0

*Verkefni sem bættist við – hýsing og rekstur á fjárhagsaðstoð	0	0
Samtals innheimt:	155	115

*Rauðmerkt er breyting frá áætlun.

Áætlun um sameiginleg verkefni í stafrænni umbreytingu 2023 og kostnaður

Verkefni	Áætlun (m.kr.)	Innheimt (m.kr.)
Fast þátttökugjald (launakostn.)	45	
Miðlun lausna og þekkingar uppbygging á stafrænni hæfni	3	
Nútímalegri tæknilegir innviðir, - tæknigrunnsstefna, kröfufylsingar og stuðningur v. rafrænna skila	8	
Rekstur, hýsing og viðhald lausna á Ísland.is og tengingar við vinnslukerfi sveitarfélaga og ófyrirséður kostnaður	10	
Sameiginleg þróun – Heimildargreiðslur inn í fjárhagsaðstoð	20	
Sameiginleg þróun – stafræn úrgangsmál	30	
Sameiginleg þróun – Innritun í leikskóla eða grunnskóla eða vegna farsældarfrumvarps	30	
Upplýsingar um þjónustu sveitarfélaga inn á Ísland.is	2	
Samtals:	148	

Frekari skýringar á verkefnum fyrir árið 2023

Fast þátttökugjald

Sveitarfélög standa undir kostnaði á þremur starfsgildum.

- Áætlað 45 milljónir

Miðlun lausna og þekkingaruppbygging á stafrænni hæfni.

Lausnatorg, kistan á stafraen.sveitarfelog.is, umgjörð snjallra opinna lausna, ráðstefnur, kynningar og þjálfun.

Markmið frá Landsþingi sveitarfélaga: Auka þekkingarstig kjörinna fulltrúa og annarra stjórnenda sveitarfélaga, starfsfólks og annarra hagaðila á tækifærum stafrænnar umbreytingar, nýtingu tækni og nýsköpunar við úrlausn áskorana.

Verkefni: Viðtalda þekkingaruppbyggingu á stafraen.sveitarfelog.is og efla þekkingu á nýtingu Microsoft lausna fyrir öll sveitarfélög.

Áætlað 3 milljónir

Nútímalegri tæknilegri innviðir

Sveitarfélög þurfa að vinna með tæknigrunn sem kominn er til ára sinna og hamlar stafrænni þróun sveitarfélaga. Stafrænt umbreytingarteymi mun styðja sveitarfélög með gerð tæknigrunnstefnu og gerð kröfulýsinga út frá nútímalegu tækniumhverfi svo þau geti haft frekari forsendur til samninga við birgja, auk leiðbeininga um val og kaup á stafrænum lausnum.

Markmið frá Landsþingi sveitarfélaga: Upplýsingartækniinnviðir sveitarfélaga verði þróaðir út frá sameiginlegum kröfulýsingum og út frá sjálfvirkni með það að markmiði að ná fram auknu hagræði og bættri þjónustu samhliða því sem öryggi gagna sé tryggt.

Verkefni:

- Tæknigrunnstefna fyrir sveitarfélög, kröfulýsingagerð helstu kerfa, öryggisflokkan gagna sveitarfélaga, forskrift tenginga kerfa við Microsoft.
- Stuðningur vegna rafrænna skila sveitarfélaga

Áætlað 8 milljónir

Rekstur, hýsing og viðhald lausna á Ísland.is – tengingar við vinnslukerfi og ófyrirséður kostnaður

Áætlað 10 milljónir

Sameiginleg þróun - betri þjónusta

Í mótun er skynsamlegasta leiðin við sameiginlega þróun lausna. Við þróun umsóknar um fjárhagsaðstoð inn á Ísland.is voru tvö sveitarfélög tilraunasveitarfélög en reglulegir fundir haldnir með öllum félagsmálafulltrúum sveitarfélaga við endurhönnun verklags sem endurspegladist í lausninni sem þróuð var. Tilraunasveitarfélög tóku svo að sér notendaprófanir við þróunina og önnur sveitarfélög upplýst. Skynsamlegt getur verið að fara þá leið. Lausn er svo innleidd í ákveðinni röð sveitarfélaga.

Verkefni:

- Umsókn um fjárhagsaðstoð - gerð aðgengileg fyrir öll sveitarfélög - innleiðing.
- Fjárhagsaðstoð framhald – heimildagreiðslur. Haldið áfram með því að þróa umsókn um aðra styrki sem sveitarfélög veita sem kallaðar eru heimildagreiðslur. Heimildargreiðslur eru samheiti yfir sérstakar auka greiðslur sem íbúar (oftast á fjárhagsaðstoð) geta átt rétt á í ákveðnum tilfellum.

Áætlað 20 milljónir

- Umsókn um þjónustu vegna úrgangsmála heimila inn á Ísland.is, þ.e. tengt verkefninu BPHE (borgað þegar hent er). Verkefnið er ómótað en ný lög líta dagsins ljós um næstu áramót og þurfa þá sveitarfélög að útfæra lausnir og talið skynsamlegt að svo stöddu að framendi verði þróaður inn á Ísland.is. Þá verði umsókn þróuð fyrir sveitarfélög sem nýta vilja álagningarkerfi við að innheimta í takt við BPHE og nota rýmisleið. Íbúum verði gert kleift að skrá sig inn á Ísland.is með rafrænum skilríkum, skoða hvaða ílát undir úrgang hann er að greiða af við sitt heimili og breyta þjónustunni annað hvort til hækkunar eða lækkunar á hans kostnað yfir

meðhöndlun úrgangs. Í fjölbýlishúsum þyrfti að fylgja staðfesting, s.s. fundargerð húsfélags. Slíkar breytingar skila sér beint (eða með stuttri viðkomu hjá viðkomandi sveitarfélagi) inn í álagningarkerfið annarsvegar og til sveitarfélagsins eða annarra sem sér um að breyta/skipta út ílátum við heimili hins vegar. Verkefnið yrði unnið í samvinnu við HMS og Stafrænt Ísland með hliðsjón af hugbúnaðarlausn fyrir umsókn um fjárhagslega aðstoð. Umræður verða teknar upp við viðkomandi ráðuneyti.

Áætlað 30 milljónir

- Leikskólamál, grunnskólamál eða umsókn vegna farsældarfrumvarps. Mikil umræða hefur verið um að fara í þróun á innritun í alla leikskóla á einum stað Ísland.is og hafa þar stöðu á biðlista sem gerð yrði sýnileg og auka umsóknir eins og um systkinaafslætti sjálfvirka eða hluta af einu heildar innritunarferli, eða þróa þjónustu sem tilkynnir foreldrum um skólaskráningu í grunnskóla, eitt innritunarferli fyrir alla á einum stað Ísland.is og ná sameiginlegum gangnagrunni allra grunnskólabarna með tengingu við Þjóðskrá. Umræða hefur einnig verið um umsókn inn á Ísland.is fyrir sveitarfélögin vegna samþættingar fyrir einstaklinga út af farsældarfrumvarpinu. Ekki eru nægjanlegar greiningarforsendur nú til að vita hvaða ferli ætti að vera fyrst en skynsamlegt að áætla fyrir einu verkefni fyrir árið 2023. Taka þar umræðu með viðkomandi ráðuneytum um hvert af þessum þremur verkefnum ætti að fara í og hvenær og hver fjármögnun ríkisins ætti að vera en vilji er til að áætla fyrir 30 milljónum frá sveitarfélögum.

Áætlað 30 milljónir

- Upplýsingar um þjónustu sveitarfélaga inn á Ísland.is.

Áætlað 2 milljónir

- Þróun umsóknar um félagslegt leiguhúsnæði er verkefni sem nýtist færri sveitarfélögum en þau sveitarfélög sem áhuga hafa á því að vinna það sameiginlega í gegnum Ísland.is gætu valið það þó verkefnastjóri kæmi ekki frá stafrænu umbreytingateymi.

Áætlað 0 milljónir

Staða verkefna í samstarfi sveitarfélaga okt. 2022

Áherslur og verkefni sem eru í gangi í samstarfi sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu:



Á árinu var ekki farið af stað í þróun á umsókn um félagslegt leiguhúsnæði sem var á áætlun fyrir 2022.

Stjórnskipulag samstarfs



Notendavænni og sjálfvirkari þjónusta við íbúa

- **Umsókn um fjárhagsaðstoð.** Verkefnið hófst í apríl 2021 og var fjármagnað af ríkinu. Þróuð var notendavænni umsókn um fjárhagsaðstoð inn á Ísland.is, auk umsýslukerfis sem kallað er S-veita þar sem starfsfólk sveitarfélags heldur utan um öll gögn og á samskipti við umsóknaraðila. Sjálfvirk tenging er við Skattinn og Þjóðskrá. Búið er að þróa tengingu við félagsmálastjórnann (bókhaldskerfi hjá Wise). Gagnatenging við skjalavistunarkerfi er í vinnslu, en á meðan flytjast öll gögn tengd umsókn (umsókn, fylgiskjöl og samskipti við umsækjanda) með einu handtaki yfir í skjalavistunarkerfi. Innleiðingarferlið hófst í júní og hafa átta sveitarfélög þegar tengst kerfinu. Verkefnastjóri er Fjóla María Ágústsdóttir, leiðtogi stafræns umbreytingateymis sem vinnur í góðu samstarfi við Mariu Kristjánsdóttur félagsþjónustufulltrúa hjá Sambandinu með sveitarfélögum. Framkvæmdaraðili var fyrirtækið Kolibri á grundvelli samnings Stafræns Íslands við fyrirtækið.
- **Vegvísir þjónustu á Ísland.is.** Verkefnið hófst í apríl 2022 og er fjármagnað af Stafrænu Íslandi. Tilgangur verkefnisins er að greina helstu þjónustuferla sveitarfélaga við íbúa og fyrirtæki til að meta hvaða ferlar henta best fyrir sjálfsafgreiðsluferli inn á Ísland.is og hvernig eigi að forgangsraða þjónustulausnum inn á Ísland.is. Afurð verkefnisins er greining á þeim þjónustuferlum sem sveitarfélög eru sammála um að gera stafræna og aðgengilega á Ísland.is, ásamt vegvísi til tveggja ára með forgangsröðun verkefna. Áætlun er sett fram um hvenær einstakir ferlar verði settir upp og um umfang þeirra. Vegvísirinn inniheldur umfjöllun um helstu tæknilegu hindranir, nauðsynleg gögn og vefþjónustur fyrir vinnslu hvernar umsóknar. Verkefnið/skýrslan er á lokastigi og verður kynnt í október 2022. Verkefnið er unnið af greiningaraðila Stafræns Íslands, Kolibri, í samvinnu við stafrænt umbreytingateymi og sveitarfélög. Skýrslan verður nýtt við ákvarðanir um næstu verkefni í stafrænu samstarfi sveitarfélaga.
- **Sjallmenni.** Verkefnið hófst af alvöru í ágúst eftir töluverðan undirbúning. Markmið verkefnisins er að hanna sameiginlegan upplýsingagrunn fyrir sveitarfélagasjallmenni sem felur í sér að fyrstu þjónustubeiðnir séu afgreiddar á stafrænan hátt án aðkomu starfsfólks. Keypt verður sameiginleg lausn sem verður gerð aðgengileg fyrir sveitarfélög sem hafa áhuga á að taka þátt í verkefninu. Verkefnastjóri er Hrund Valgeirsdóttir, verkefnastjóri hjá stafræna umbreytingateyminu í samvinnu við sveitarfélög. Stýrihópur hefur verið settur á laggirnar til að halda utan um verkefnið.

Nútímalegri tæknilegir innviðir sveitarfélaga

- **Greining á stöðu skrifstofuhugbúnaðar.** Verkefnið hófst í desember 2021 og er fjármagnað af sveitarfélögum. Greind var staða Microsoft hugbúnaðarleyfa sveitarfélaga, skjala- og málakerfi þeirra, rafræn skil á gögnum og settar voru fram tillögur um umbætur til framtíðar liðið. Verkefnastjóri er Fjóla María Ágústsdóttir, leiðtogi stafræns umbreytingateymis.
- **Microsoft leyfamál.** Verkefnið hófst í janúar 2022. Markmið þess var að ná hagstæðum heildarsamningi fyrir sveitarfélög og auka öryggi og bæta rekstur þeirra. Með verkefninu hefur orðið til aukin þekking um leyfakaup sveitarfélaga og möguleika til að ná betri kjörum. Vefurinn stafræn.sveitarfelog.is verður notaður til að birta afurðir í formi leiðbeininga og ákvarðanatrés, fræðslu og tæknigrunnis til að einfalda sveitarfélögum ákvarðanir um val. Verkefnið tengist verkefninu sem lýst er hér að neðan um einfaldari skjalamál. Framkvæmdaaðili er Tryggvi Jónsson frá Trigger ehf. í samvinnu við stafræna umbreytingateymið. Stýrihópur heldur utan um framkvæmd verkefnisins.
- **Einfaldari skjalamál.** Verkefnið fór af stað í ágúst 2022. Markmið verkefnisins eru skýrari gæða- og virknihröfur fyrir hugbúnað sem tengist skjalakerfi út frá þörfum nútímalegrar tæknihögunar og stafrænnar umbreytingar. Sett verður fram sameiginleg sýn um flokkun gagna, skjalavinnslu og skjalavörslu. Leiðarljósið er notendavænni skjalavinnsluumhverfi þar sem gögn flæða auðveldlega frá öðrum kerfum. Tilgangurinn er að styðja við val á hugbúnaði sem hentar í nútíma skrifstofuumhverfi og að kerfi sveitarfélaga tryggja rafræn skil til Þjóðskjalasafns. Afurðir verkefnisins eru í formi leiðbeininga sem munu birtast á stafræn.sveitarfelog.is. Framkvæmdaaðili er Sigríður Magnea Björgvinsdóttir, deildarstjóri upplýsingatækni og stafrænar þróunar hjá Árborg, í samvinnu við stafræna umbreytingateymið. Stýrihópur er um verkefnið.
- **Rafræn skil.** Verkefnið fór af stað í ágúst 2022. Markmið verkefnisins eru að gera rafræn skil að raunhæfum kosti fyrir sveitarfélög og skilgreina verkáætlun fyrir sveitarfélög í átt að rafrænum skilum. Þannig er hægt að draga úr pappírsmagni í skjalageymslu og auðvelda grisjun. Tryggja þarf örugga geymslu gagna og koma á sameiginlegum skilningi hagaðila um framtíðargeymslu rafrænna gagna sveitarfélaga. Afurðir verkefnisins eru í formi leiðbeininga með skilgreindu ferli sem sveitarfélög þurfa að fylgja til að komast í rafræn skil til skilaaðila og verður miðlað á stafræn.sveitarfelog.is. Framkvæmdaaðili í samstarfi við stafrænt umbreytingateymi er Hjálmur Hjálmsón hjá KPMG. Stýrihópur er um verkefnið.



Tæknilegur stuðningur við sveitarfélög

- **Stafræn.sveitarfelog.is** er vefur samstarfs sveitarfélaga þar sem miðlað er fréttum, fræðslu, vefupptökum af veffundum og ráðstefnum, nettum lausnum á lausnatorgi eins og sorphirðudagatali, reiknivél leikskólalagjalda, kolefnisreiknivél, leiðbeiningum um Microsoft Teams, kerfi fyrir stafrænar tímabókanir, áhættugreiningar á Microsoft lausnum og upplýsingakerfi vegna persónuverndar
- **Áhættugreining kennsluhugbúnaðar** er verkefni sem var unnið 2021 og hefur þann tilgang að veita skólum upplýsingar um áhættu og takmarkanir kennsluhugbúnaðar. Verkefnið var unnið með Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Reykjavík og nýtist öllum sveitarfélögum. Markmið verkefnis er öruggur hugbúnaður í kennslu. Verkefnastjóri er Hrund Valgeirsdóttir hjá stafræna umbreytingateyminu.



Stafrænt ráð sveitarfélaga

Hlutverk og skipan

Hlutverk ráðsins er að:

- styrkja samstarf sambandsins við sveitarfélög um stafræna framþróun þeirra og styðja við vinnu sambandsins þar að lútandi.
- skapa traustari grunn fyrir markvissa forgangsröðun samstarfsverkefna sveitarfélaga um stafræna framþróun og hagsmunagæslu sambandsins fyrir þeirra hönd, sérstaklega gagnvart ríki og hugbúnaðarfyrirtækjum.
- stuðla að samhæfðri vinnu sveitarfélaga að stafrænni framþróun.

Ráðið er ráðgefandi við stefnumótun og ákvarðanatöku sambandsins um samstarfsverkefni sveitarfélaga í stafrænum málum og hagsmunagæslu þess á því sviði

Ráðið skal skipað níu fulltrúum samkvæmt tilnefningum landhlutasamtaka sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar. Ráðið velur sér formann. Ráðið getur einnig valið sér varaformann eftir því sem þörf er á.

Fulltrúar landshlutasamtakanna skulu tilnefndir úr hópi framkvæmdastjóra sveitarfélaga í hverjum landshluta eða kjörinna fulltrúa. Gert er ráð fyrir að þeir muni njóta stuðnings frá starfsmanni sveitarfélags í viðkomandi landshluta sem er með góða þekkingu á stafrænum málum. Starfsmaðurinn starfi með faghópi sem mun veita stafræna ráðinu faglegan stuðning, sbr. hér að neðan. Fulltrúar landshlutasamtaka skulu miðla upplýsingum um stöðu stafrænna mála í landshlutunum til sambandsins og upplýsingum um viðhorf sveitarstjórna í landshlutunum til sameiginlegrar stefnumótunar og hugmynda um samstarfsverkefni. Sé eftir því leitað aðstoða þeir einnig við að finna þátttakendur innan sveitarfélaga í stafræn verkefni og við að fylgja á eftir stafrænum samstarfsverkefnum í landshlutunum.

Helstu verkefni:

- Taka þátt í undirbúningi stefnumörkunar sambandsins um stafræna framþróun sveitarfélaga og undirbúningi samstarfsverkefna sveitarfélaga.
- Leggja mat á forgangsröðun stafrænna þróunarverkefna sveitarfélaganna og gera tillögur um forgangsröðun og stjórnunar- og fjármögnunarfyrirkomulag til stjórnar sambandsins.
- Styðja við vinnu sambandsins er snýr að miðlægu samstarfi sveitarfélaga um stafræna þróun og vinnu þess að eftirfylgni samstarfsverkefna.
- Vekja athygli á stafrænum málum sem ráðið telur að þarfnist úrlausnar.
- Vera til ráðgjafar við undirbúning stærri viðburða sambandsins í sviði stafrænnar þróunar.

Styðja við umsagnagerð sambandsins um stefnumótun og laga- og reglugerðarsetningu ríkisins sem tengist stafrænni framþróun

Nýskipið stafrænt ráð október 2022

Sævar Freyr Þráinsson, SSV

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, SASS

Ásthildur Sturludóttir, SSNE

Kjartan Már Kjartansson, SSS

Álfhildur Leifsdóttir, SSNV

Jón Páll Hreinsson, FV

Jónína Brynjólfsdóttir, SASS

Aldís Stefánsdóttir, SSH

Óskar J. Sandholt, fulltrúi Reykjavíkur

Leiðtogi stafræns umbreytingateymis Sambands Íslenskra sveitarfélaga vinnur með ráðinu.

Fjóla María Ágústsdóttir

Markmið um samstarf sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu frá landsþingi haust 2022

Tekið er fram að markmiðin fara fyrir stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga í nóvember 2022

- Sambandið vinni stefnumörkun og aðgerðaáætlun um stafræna umbreytingu sveitarfélaga í góðu samstarfi við sveitarfélög og ríkið.
- Auka þarf þekkingarstig kjörinna fulltrúa og annarra stjórnenda sveitarfélaga, starfsfólks og annarra hagaðila á tækifærum stafrænnar umbreytingar, nýtingu tækni og nýsköpunar við úrlausn áskorana.
- Sambandið skal vinna að pappírslausri stjórnsýslu sveitarfélaga og beita sér fyrir rafrænum skilum gagna og rafrænni skjalavörslu.
- Upplýsingatækniinnviðir sveitarfélaga verði þróaðir á grundvelli sameiginlegra kröfulýsinga og út frá sjálfvirkni með það að markmiði að ná fram auknu rekstrarhagræði og bættri þjónustu samhliða því sem öryggi gagna er tryggt.
- Stafrænt umbreytingateymi sveitarfélaga verði miðlægur þjónustukjarni (e. center of excellence) með skilgreint umboð og hlutverk, mannað stafrænum leiðtogum í öllum landshlutum sem veita sveitarfélögum stuðning.

Ný markmið:

- Efla samstarf við ríkið (Stafrænt Ísland) til að sveitarfélög geti nýtt miðlægan vettvang, island.is, við þróun þjónustu fyrir sveitarfélög.
- Unnið verði að bættu aðgengi kjörinna fulltrúa að upplýsingatækniþerfum sveitarfélaga.
- Við innleiðingu stafrænna lausna þarf að gæta að því að þær séu aðgengilegar fyrir alla hópa samfélagsins.